



## Námsgrein: Íslenska

---

### *Kennsluáferðir og skipulag:*

Íslenska er kennd í 5 kennslustundir á viku. Nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskóla. Kennt verður samkvæmt aðferðum í Byrjendalæsi. Í Byrjendalæsi er fjölbreyttur gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efniviði sem felst í merkingabærum texta (barnabækur, skáldsögur, ljóð og fræðitextar). Íslenska er samþætt náttúrufræði og samfélagsfræði.

Námsflokkur	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf:</b>	<p>Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</p> <p>Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.</p> <p>Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.</p>	<p>Nemendur þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega, kynnist og syngi texta af ýmsum gerðum, endursegi léttar frásagnir, segi frá eigin reynslu og lesi upp eigin sögur fyrir bekkjarfélaga.</p> <p>Nemendur geti hlustað á upplestur.</p>	<p>Ýmsar bækur í Byrjendalæsi, skáldsögur, ljóð og fræðitextar.</p> <p>Efni af vef.</p> <p>Skáldsögur lesnar með hópnum.</p>	<p>Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar til að fylgjast með framvindu nemenda.</p>

	Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Nemendur tileinki sér þær reglur sem gilda í samræðum og fylgi fyrirmælum.	Viðburðir og samkomur t.d. leikrit, gestakomur og fleira.	
<b>Lestur og bókmenntir:</b>	<p>Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.</p> <p>Valið sér lesefni eftir áhuga.</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</p> <p>Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði og vísu.</p>	<p>Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði og aukið orðaforða, málskilning, lesskilning og leshraða.</p> <p>Nemendur geti valið sér bækur eftir áhugasviði, kunni nokkrar vísur og ljóð og kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum.</p> <p>Geti fundið lykilorð í einföldum texta og endursagt aðalatriði.</p> <p>Átti sig á mun á skáldsögu og fræðiefni. Þekki hugtakið sögupersónur.</p>	<p>Ýmsar bækur í byrjendalæsi, skáldsögur, ljóð og fræðitextar.</p> <p>Litla Lesrún.</p> <p>Ritrún 1.</p>	<p>Lesfimipróf eru í september, janúar og apríl til að kanna fjölda rétt lesinna orða á mínútu hjá nemendum.</p> <p>Lesmál er lesskilningspróf og lagt fyrir í apríl.</p> <p>Læsi er lagt fyrir í nóvember og febrúar. Prófið mælir lesskilning og</p> <p>Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar til að fylgjast með framvindu nemenda.</p>

<p><b>Ritun:</b></p>	<p>Dregið rétt til stafs.</p> <p>Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <p>Beitt einföldum stafsetningarreglum.</p> <p>Skrifað texta á tölvu.</p>	<p>Nemendur læri að draga rétt til stafs.</p> <p>Þjálfist í að endursegja frásagnir eftir upplestri með myndum eða stuttum texta.</p> <p>Fái tækifæri til að skoða og skrifa margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf og geti tjáð hugmyndir sínar og reynslu með stuttum texta.</p> <p>Nemendur kynnist einföldum stafsetningarreglum svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og einföldum og tvöföldum samhljóða.</p>	<p>Ýmsar bækur í byrjendalæsi, skáldsögur, ljóð og fræðitextar.</p> <p>Ritrún 1.</p> <p>Æfingabók 1 Skrift.</p> <p>Skrift 2.</p> <p>Stafafjölskyldur.</p>	<p>Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar til að fylgjast með framvindu nemenda.</p> <p>Ritunarprufur gerðar reglulega yfir veturinn til að skoða framfarir í ritun.</p>
<p><b>Málfræði:</b></p>	<p>Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð og orð.</p>	<p>Nemendur öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt.</p>	<p>Ýmsar bækur í byrjendalæsi, skáldsögur, ljóð og fræðitextar.</p>	<p>Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar til að fylgjast með framvindu nemenda.</p>

		<p>Þjálfist í að nota stafrófið og þekki helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og hafa kynnst málsgreinum.</p> <p>Þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum.</p> <p>Nemendur kunni að ríma og hafi öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða, hafi kynnst mun á samnöfnum og sérnöfnum og samheitum og andheitum.</p>	Ritrún 1.	
--	--	--	-----------	--